

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 12/98**frá 11. desember 1997****um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki geti stundað farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem þau hafa ekki aðsetur í(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92 frá 23. júlí 1992 um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki stundi farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem þau hafa ekki aðsetur í (4) var lýst ógild með dómi dómstólsins frá 1. júní 1994 (5).
- 2) Samkvæmt b-lið 1. mgr. 75. gr. sáttmálans hefur framkvæmd sameiginlegrar stefnu í flutningamálum það meðal annars í för með sér að setja verður ákvæði um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki geti stundað farþegaflutninga í aðildarríki sem þau hafa ekki aðsetur í.
- 3) Það ákvæði hefur í för með sér að afnema verður allar takmarkanir á starfsemi flutningafyrirtækja sem veita þess konar þjónustu á grundvelli ríkisfangs eða staðfestu þeirra í öðru aðildarríki en þar sem á að veita þjónustuna.
- 4) Flutningafyrirtæki, sem veita slíka þjónustu, ættu að búa við sambærileg kerfi svo að draga megi úr ójöfnuði, að því er varðar samkeppnisskilyrði, sem rekja má til ríkisfangs þeirra og staðfestulands, og jafnframt efla samræmingu landslaga í áföngum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 4, 8.1.1998, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 121/98 frá 18. desember 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB C 60, 29. 2. 1996, bls. 10 og Stjtið. EB C 124, 21. 4. 1997, bls. 73.

(2) Stjtið. EB C 30, 30. 1. 1997, bls. 40.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 28. nóvember 1996 (Stjtið. EB C 380, 16. 12. 1996, bls. 35), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. apríl 1997 (Stjtið. EB C 164, 30. 5. 1997, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. júlí 1997 (Stjtið. EB C 286, 22. 9. 1997, bls. 84).

(4) Stjtið. EB L 251, 29. 8. 1992, bls. 1.

(5) Dómur frá 1. júní 1994, mál C-388/92, Evrópuþingið gegn ráðinu (Dómasafn EB (ECR) 1994, bls. I-2081).

5) Rétt er að um farþegaflutninga með hópþjónustu gildi sömu skilgreiningar og þær sem hafa verið samþykktar í millilandaflutningum.

6) Rétt er að heimila flutningafyrirtækjum, sem hafa ekki aðsetur í landinu, að stunda tiltekna tegundir farþegaflutninga með hópþjónustu, að teknu tilliti til séreinkenna hverrar tegundar þjónustu.

7) Setja þarf ákvæði sem eiga að gilda um gestaflutninga.

8) Ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (6) eiga við í þeim tilvikum þegar flutningafyrirtæki senda starfsmenn, sem þau hafa gert ráðningarsamning við, til starfa út fyrir aðildarríkið þar sem þeir starfa venjulega til að annast sérstakar áætlunarferðir.

9) Þegar um er að ræða reglubundna flutninga er rétt að heimila gestaflutninga því aðeins að þeir séu hluti reglubundinna millilandaflutninga, að undanskildum flutningum í borgum og úthverfum, með fyrirvara um tiltekin skilyrði og einkum þá lögjöf sem gildir í gístíríkinu.

10) Samþykking þarf ákvæði svo að hægt verði að grípa til aðgerða ef alvarleg röskun verður á viðkomandi flutningsmarkaði.

11) Koma ætti á fót ráðgjafarnefnd sem hefði það verkefni að aðstoða framkvæmdastjórnina við að semja drög að skjölum vegna gestaflutninga í formi óreglubundinna flutninga og veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um verndarráðstafanir.

12) Æskilegt er að aðildarríkin veiti hvert öðru gagnkvæma aðstoð við að koma þessari reglugerð í framkvæmd á viðhlítandi hátt, einkum að því er varðar viðurlög við brotum.

13) Aðildarríkjunum ber að samþykka nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari reglugerð í framkvæmd.

14) Beitingu þessarar reglugerðar skal fylgt eftir á grundvelli skýrslu sem framkvæmdastjórnin leggur fram.

(6) Stjtið. EB L 18, 21. 1. 1997, bls. 1.

15) Í fyrrnefndum dómi dómstólsins, þar sem reglugerð (EBE) nr. 2454/92 var lýst ógild, er kveðið á um að reglugerðin gildi áfram þar til ráðið hefur samþykkt nýja löggjöf á þessu sviði. Þessari reglugerð verður ekki beitt fyrr en átján mánuðum eftir að hún öðlast gildi. Því ber að líta svo á að ógilta reglugerðin gildi áfram þar til þessi reglugerð kemur að fullu til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sérhverju flutningafyrirtæki sem annast farþegaflutninga á vegum gegn gjaldi og hefur bandalagsleyfið, sem kveðið er á um í 3. gr. a í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum (¹), skal vera heimilt, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og án mismununar á grundvelli ríkisfangs flutningafyrirtækisins eða staðfestustaðar þess, að stunda tímabundið farþegaflutninga gegn gjaldi á vegum innanlands í öðru aðildarríki, hér eftir kallað „gistiríkið“, án þess að þurfa að hafa skráða skrifstofu eða aðra starfsstöð í því ríki.

Slík flutningaþjónusta innanlands kallast hér á eftir „gestaflutningar“.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Reglubundnir flutningar“: flutningar á farþegum milli tiltekinnna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að panta far.

Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra.

2) „Sérstakar áætlunarferðir“: reglubundnir flutningar, þar sem séð er fyrir flutningi á tilteknum hópum farþega, en aðrir farþegar eru útilokaðir, með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum.

Til sérstakra áætlunarferða teljast:

- flutningar á starfsmönnum til og frá vinnustað;
- flutningar á nemendum til og frá skóla;
- flutningar á hermönnum og fjölskyldum þeirra milli heimilis og herbúða.

Sérstakar áætlunarferðir teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt þær kunni að vera lagaðar að mismunandi þörfum notenda.

3) „Óreglubundnir flutningar“: flutningar sem falla ekki undir skilgreiningu á reglubundnum flutningum, að meðtöldum sérstöðum áætlunarferðum, og sem einkennast öðru fremur af því að fluttir eru hópar sem eru settir saman að frumkvæði viðskiptavinar eða flutningafyrirtækisins sjálfs. Þessir flutningar teljast áfram til óreglubundinna flutninga þó að þeir séu stundaðir með ákveðnu millibili.

4) „Ökutæki“: vélknúin ökutæki sem geta með tilliti til gerðar og búnaðar flutt fleiri en níu menn, að meðtöldum öikumanni, og eru til ætluð til slíkra flutninga.

3. gr.

Gestaflutningar skulu leyfðir í eftirtöldum tegundum flutningaþjónustu:

- sérstöðum áætlunarferðum, að því tilskildu að þeir séu hluti samnings milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins;
- óreglubundnum flutningum;
- reglubundnum flutningum, að því tilskildu að þeir séu starfræktir sem liður í millilandaflutningum flutningafyrirtækis, sem hefur ekki aðsetur í gistiríkinu, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 684/92.

Gestaflutninga er ekki hægt að starfrækja nema í tengslum við slíka millilandaflutninga.

Flutningar í borgum og úthverfum falla ekki undir gildissvið þessa liðar.

Með „flutningum í borgum og úthverfum“ er átt við flutninga sem mæta þörfum borgarkjarna eða þéttbýlissvæðis og þörfinni á flutningum milli borgarkjarnans eða þéttbýlissvæðisins og svæðanna umhverfis það.

4. gr.

1. Með fyrirvara um löggjöf bandalagsins skal starfræksla gestaflutninga, sem um getur í 3. gr., háð gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í gistiríkinu hvað varðar eftirfarandi atriði:

- gjaldskrár og skilyrði sem gilda um flutningssamninginn;
- þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál geta, eftir atvikum, farið yfir þau mörk sem gilda í aðildarríkinu þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu en mega aldrei vera umfram þá tæknilegu staðla sem eru tilgreindir í samræmisvottorðinu;

(¹) Stjtið. EB L 74, 20. 3. 1992, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 11/98. (Stjtið. EB L 4, 8. 1. 1998, bls. 1).

- c) kröfur er varða flutninga á tilteknum hópum farþega, svo sem skólabörnum, börnum og fólki með skerta hreyfingu;
- d) aksturs- og hvíldartíma;
- e) virðisaukaskatt (VSK) á flutningaþjónustu. Á þessu sviði gildir a-liður 1. mgr. 21. gr. tilskipunar ráðsins 77/388/EBE frá 17. maí 1977, um samræmingu laga aðildarríkjanna um veltuskatt - sameiginlegt kerfi virðisaukaskatts: samræmda álagningu (¹), um þá þjónustu sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í um löggjöf bandalagsins skal starfræksla gestaflutninga, sem eru hluti flutningaþjónustunnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr., lúta gildandi lögum og stjórnsýsluákvæðum í gistiríkinu að því er varðar leyfi, útbóðsaðferðir, akstursleiðir og reglufestu, samfellu og tíðni þjónustunnar og leiðarlýsingar.

3. Tæknistaðlar um gerð og búnað ökutækja, sem notuð eru í gestaflutningum, skulu vera hinir sömu og tæknistaðlar um ökutæki í millilandaflutningum.

4. Aðildarríki skulu láta sömu skilyrði og eru í ákvæðum landslaga, sem um getur í 1. og 2. mgr., gilda um flutningafyrirtæki sem hafa ekki aðsetur í landinu og þau sem gilda um ríkisborgara þess svo að hægt sé að koma í veg fyrir hvers konar beina eða óbeina mismunun á grundvelli ríkisfangs eða staðfestustaðar.

5. Ef reynslan sýnir að breyta þarf skránni yfir atriðin sem lagaákvæði gistiríkisins eiga að taka til, og sem um getur í 1. mgr., skal ráðið gera það með auknum meirihluta og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

5. gr.

Bandalagsleyfið, eða staðfest endurrit af því, skal geymt í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

6. gr.

1. Gestaflutningar í formi óreglubundinna flutninga eru starfræktir með hliðsjón af eftirlitsskjali, akstursskrá, sem skal geymt í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

2. Í akstursskránni, en framkvæmdastjórnin mun samþykkja fyrirmynd að henni samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 8. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) brottfarar- og ákvörðunarstaðir flutningaþjónustunnar;
- b) brottfarardagur og komudagur.

3. Akstursskránnar fást afhentar í heftum sem eru vottuð af lögbæru yfirvaldi eða þar til bæri stofnun í staðfesturíkinu. Framkvæmdastjórnin mun samþykkja fyrirmynd að akstursskrárhefti samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 8. gr.

4. Ef um er að ræða sérstakar áætlunarferðir skal samningur flutningafyrirtækisins og skipuleggjanda flutninganna, eða staðfest endurrit samningsins, gilda sem eftirlitsskjal.

Þó ber að fylla akstursskrána þannig út að hún sýni mánaðarlegt yfirlit.

5. Akstursskrám skal skila lögbæru yfirvaldi eða þar til bæri stofnun í staðfesturíkinu í samræmi við þá málsmeðferð sem framangreint yfirvald eða stofnun ákveður.

7. gr.

1. Í lok hvers ársfjórðungs og innan þriggja mánaða, sem framkvæmdastjórnin getur stýtt í einn mánuð í því tilviki sem um getur í 9. gr., skal lögbært yfirvald eða þar til bær stofnun í hverju aðildarríki senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um gestaflutninga, í formi reglubundinna og óreglubundinna flutninga, sem flutningafyrirtæki með aðsetur í viðkomandi ríki hafa stundað á þeim ársfjórðungi.

Upplýsingarnar skulu settar upp í töflu samkvæmt fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 8. gr.

2. Lögbær yfirvöld í gistiríkinu skulu senda framkvæmdastjórninni árlega tölfraðilegt yfirlit um fjölda leyfa sem hafa verið gefin út til gestaflutninga í formi reglubundinna flutninga samkvæmt 3. mgr. 3. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda aðildarríkjunum eins fljött og unnt er samantekt á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur fengið samkvæmt 1. mgr.

8. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar, sem mælt er fyrir um í þessari grein, skal framkvæmdastjórnin njóta ráðgjafar nefndarinnar sem um getur í 10. gr.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

(¹) Stjtið. EB L 145, 13. 6. 1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/95/EBE (Stjtið. EB L 338, 28. 12. 1996, bls. 89).

9. gr.

1. Ef alvarleg röskun verður á innlenda flutningsmarkaðinum á tilteknu landsvæði vegna gestaflutninga, eða ástandið þar versnar vegna þeirra, getur aðildarríki vísað málinu til framkvæmdastjórnarinnar svo að samþykkja megi verndarráðstafanir og skal það láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar og tilkynna henni um ráðstafanir sem það hyggst grípa til vegna flutningafyrirtækja sem hafa aðsetur í landinu.

2. Að því er varðar 1. mgr. merkir:

- „alvarleg röskun á innlenda flutningsmarkaðinum á tilteknu landsvæði“: vandi sem kemur upp á markaðinum og einskorðast við hann og felst í of miklu og, að því er virðist, viðvarandi framboði umfram eftirspurn sem ógnar fjárhagslegum stöðugleika og lífslíkum margra fyrirtækja sem stunda farþegaflutninga á vegum,
- „landsvæði“: svæði sem nær yfir allt yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta af því eða yfir allt yfirráðasvæði annarra aðildarríkja eða hluta þess.

3. Framkvæmdastjórnin skal kanna ástandið og skera úr um, innan eins mánaðar frá því að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis barst og að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina sem um í getur í 10. gr., hvort verndarráðstafanir séu nauðsynlegar og samþykkja þær ef svo reynist vera.

Ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við þessa grein, skulu gilda í sex mánuði hið mesta en framlengja má gildistíma þeirra einu sinni um jafn langan tíma.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna aðildarríkjunum og ráðinu um allar ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

4. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að grípa til verndarráðstafana er varða eitt eða fleiri aðildarríki ber lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi ríkja að gera sambærilegar ráðstafanir vegna flutningafyrirtækja sem hafa aðsetur í því aðildarríki og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Þessum ráðstöfunum skal beitt eigi síðar en frá og með þeim degi er ráðstafanir framkvæmdastjórnarinnar koma til framkvæmda.

5. Hvert aðildarríki getur vísað ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 3. mgr., til ráðsins innan 30 daga frá því að tilkynnt var um hana.

Ráðið getur tekið aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan 30 daga frá því að aðildarríki leggur málið fyrir það eða, ef fleiri en eitt aðildarríki leggja málið fyrir það, innan 30 daga frá því að málið var fyrst lagt fyrir það.

Tímamörkin, sem mælt er fyrir um í annari undirgrein 3. mgr., skulu gilda um ákvörðun ráðsins.

Lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja ber að gera sams konar ráðstafanir gagnvart flutningafyrirtækjum sem þar hafa aðsetur og tilkynna framkvæmdastjórninni um þær.

Taki ráðið ekki ákvörðun innan þess tíma sem kveðið er á um í annari undirgrein telst ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar endanleg.

6. Ef framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að framlengja gildistíma ráðstafananna sem um getur í 3. mgr. gerir hún tillögu um það til ráðsins sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

10. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkja undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 8. gr., skal nefndin aðstoða framkvæmdastjórnina við gerð fyrirmyndar að akstursskrá, akstursskrárhefti og töflunnar sem um getur í 6. og 7. gr.

2. Auk þess er hlutverk nefndarinnar að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf er varðar:

- beiðni aðildarríkis samkvæmt 1. mgr. 9. gr.;
- ráðstafanir til lausnar vanda er upp kemur vegna alvarlegrar röskunar á markaðinum, eins og um getur í 9. gr., einkum að því er lýtur að heppilegri beitingu slíkra ráðstafana.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað við beitingu þessarar reglugerðar.

2. Með fyrirvara um refsilög getur gistiríki beitt viðurlögum gegn flutningafyrirtæki sem hefur ekki aðsetur í því ríki og hefur gerst brotlegt við þessa reglugerð eða önnur lög bandalagsins eða innlend lög á yfirráðasvæði þess meðan á gestaflutningum stöð.

Viðurlögum skal beitt án mismununar og í samræmi við 3. mgr.

3. Viðurlögin, sem um getur í 2. mgr., geta meðal annars verið áminning eða, ef um alvarleg eða endurtekin brot er að ræða, tímabundið bann við gestaflutningum á yfirráðasvæði gistiríkisins þar sem brotið var framið.

Ef fölsuðum bandalagsleyfum, innlendum leyfum eða staðfestum endurritum þeirra er framvísað skulu fölsuðu skjölin umsvifalaust gerð upptæk og, eftir atvikum, send eins skjótt og auðið er lögbæru yfirvaldi í staðfesturíki flutningafyrirtækisins.

4. Lögbær yfirvöld í gistiríkinu skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í staðfesturíkinu um skráð brot og viðurlög, sem flutningafyrirtækið kann að hafa sætt fyrir þau, og geta jafnframt, ef um alvarleg eða endurtekin brot er að ræða, farið fram á að viðurlögum verði beitt.

Ef um alvarleg eða endurtekin brot er að ræða ákveða lögbær yfirvöld í staðfesturíkinu hvort hlutaðeigandi flutningafyrirtæki skuli sæta viðeigandi viðurlögum; þessi yfirvöld skulu taka tillit til hvers konar viðurlaga sem gistiríkið kann þegar að hafa beitt og tryggja að viðurlög, sem beitt er gegn hlutaðeigandi flutningafyrirtæki, séu, þegar allt er talið, í réttu hlutfalli við brotið eða brotin sem þau hafa framið.

Viðurlög, sem lögbær yfirvöld í staðfesturíkinu beita, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld í gistiríkinu, geta haft í för með sér afturköllun leyfis til að stunda farþegaflutninga á vegum.

Lögbær yfirvöld í staðfesturíkinu geta einnig, samkvæmt innlendum lögum, dregið hlutaðeigandi flutningafyrirtæki fyrir þar til bærinn innlendan dómstól.

Þau skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiríkinu um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

12. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að flutningafyrirtæki geti áfrýjað úrskurðum stjórnvalda um viðurlög sem þeim er gert að sæta.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 30. júní 1998, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um árangurinn af beitingar reglugerðar (EBE) nr. 2454/92 og starfrækslu reglubundinnar flutningsþjónustu í aðildarríkjunum.

2. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 1999, gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu reglugerðar þessarar, einkum um áhrif gestaflutninga á innlenda flutningsmarkaði.

14. gr.

Aðildarríkin skulu með góðum fyrirvara samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða framkvæmd reglugerðar þessarar og senda framkvæmdastjórninni.

15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 11. júní 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

M. DELVAUX-STEHRÉS

forseti.